



Stjórn HSV
Suðurgata 12
400 Ísafirði

Ísafjörður XX. ágúst 2019

Erindi: Ósk um uppbyggingarsamning við Ísafjarðarbæ vegna gerðar s.k. „pump track“ hjólagarðs í Skutulsfirði

Vestri hjólreiðar óskar hér með eftir því að HSV leitist við að gerður verði uppbyggingarsamningur á milli Ísafjarðarbæjar og félagsins/deildarinnar um að koma upp s.k. pump track hjólabraut í Skutulsfirði. Áætlaður kostnaður er um 23 m.kr. Félagið óskar eftir styrk að upphæð 14 m.kr. sem greiddur verði í tvennu lagi. 7 m.kr. árið 2020 og annað eins árið eftir.

Jafnframt er óskað eftir viðræðum við bæinn um mögulega staðsetningu brautarinnar.

Að lokum er óskað eftir tækifæri til að kynna þetta fyrir bæjarfulltrúum, nefndarmönnum og starfsmönnum bæjarins við fyrsta hentugleika.

Verkefnið

Pump track brautinni mætti lýsa sem um xx langri malbikaðri hringbraut með litlum hólum og hæðum þar sem að hjólarinn þrýstir hjólinu upp og niður til að koma sér áfram. Þó að megin notendur svona brauta séu börn og unglingar hentar hún hjólurum af öllum getustigum og er því leikvöllur fyrir hjólreiða og hjólabrettaiðkendur á öllum aldri.

Pump track





Staðsetning brautarinnar hefur ekki verið ákveðin en erlendis eru þær oft í eða við íbúðarhverfi og hentug stærð á svæði væri um 1000 fermetrar.

Um félagið

Vestri Hjólreiðar var stofnað haustið 2018 og er deild innan Íþróttafélagsins Vestra. Stofnendur eru áhugafólk um fjallahjólreiðar og eru nú um 50 virkir félagsmenn. Markmið og hlutverk félagsins er að auka velferð hjólreiða á Vestfjörðum og stuðla að brautaruppbyggingu á svæðinu. Nú er mest áhersla á fjallahjólreiðar en það er ekkert sem segir að það geti ekki breyst.

Þrátt fyrir ungan aldur félagsins hafa félagsmenn nú þegar komið miklu í framkvæmd enda eru í félaginu margar vinnufúsar hendur. Búið er að gera um 5 hjólaleiðir niður brekkur Skutulsfjarðar þar sem sú lengsta er um 8 km. Félagið hefur einnig staði fyrir mótum og námskeiðum og hélt m.a. Íslandsmeistaramót í fjallahjólreiðum nú í sumar á skíðasvæðinu á Seljalandsdal.

Um verkið

Gert er ráð fyrir að kaupa umrædda braut með hönnun og hluta af uppsetningu frá Velosolutions í Sviss. Velosolutions bjóða ekki teikningar þar sem það krefst mikillar reynslu og þekkingar að hanna og byggja pumptrack braut þannig að hún virki. Félagið býður allan pakkann svo að segja Hanna brautina, annast áætlanagerð og mæta með 3 reynslumestu mennina sína til að byggja brautina með innlendum brautarsmiðum (félagsmönnum Vestra). Þeir annast ekki aðeins verkstjórn heldur vinna einnig mest á svæðinu og tryggja að allt gangi vel og standist þeirra háu gæðakröfur.

Þeir útvega einnig alla útreikninga fyrir efni og tæki sem þarf í verkið. Þeir senda einnig nákvæmar leiðbeiningar varðandi undirbúning sem er gerður áður en þeirra menn mæta á svæðið. Með þessum hætti lágmarka þeir sína viðveru og lækka fjárhagsáætlun.

Drög að kostnaðaráætlun, fyrir 1000 m² braut.

Búið er að hafa samband við Velosolutions og fá gróft tilboð í þeirra hlut og áætlaðan efniskostnað og tæki sem þarf til verksins.

Liður	Upphæð	Ath.
Kostnaður Velosolutions	8.315.000 kr	Hönnun og áætlunargerð og 3 starfsmenn í 3 vikur
Vinnulaun annað en Velosolutions	6.720.000 kr	5 manns í viku og 10 manns í tvær vikur @6000 kr/klst
VélaVinna	3.000.000 kr	Gröfur, valtarar o.fl.
Efni	4.334.000 kr	Malbik og mól
Annað ófyrirséð	2.236.900 kr	
Samtals	22.369.000 kr	

*sjá nánari sundurliðun í fylgiskjali

Verkáætlun

Skv. áætlun frá Velosolutions á að vera hægt að koma umræddri braut upp á um 3 vikum. Yfirborðsefnið er malbik og því þarf malbikunarstöð að vera á staðnum þegar verkið er unnið. Áætlanir Vestra miða að því að verkið verið unnið í maí 2020 með verklok í byrjun júní.

Stjórn hjólreiðadeildar Vestra